



Fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Foreldrakönnun Skólapúlsins
2. Árshátíðarfyrirkomulag
3. Skóladagatal ársins 2018-2019
4. Önnur mál

Mættir: Lilja Katrín, 10. bekk og Vala, 9. bekk, Kristín skólastjóri, Linda Rós, fulltrúi kennara, Erlendur Steinar og Sigrún Björg, fulltrúar foreldra og Bára Árný, fulltrúi starfsfólks.

Fundarritari: Linda Rós Rögnvaldsdóttir

1. Foreldrakönnun Skólapúlsins. Ánægja með nám og kennslu meðal foreldra hér er marktækt meiri en í öðrum skólum af sömu stærð.

Hæfilegur agi í skólanum og ánægja með stjórnun kemur einnig mjög vel út.

Foreldrar eru ánægðir með samskipti sín við starfsfólk skólans. Þar er það unglिंगastigið sem er áberandi ánægt með samskiptin. Önnur stig ekki marktæk.

Umfang eineltis í skólanum er á góðri leið niður á við og vÍkur marktækt frá landsmeðaltali. Einelti í skólum landsins virðist einnig vera á niðurleið samkvæmt könnuninni.

Notkun á mótuneyti er aðeins undir landsmeðaltali. Stutt heim og nálægð við verslun nefnt sem mögulegir orsakabættir.



Fundargerð

Í Oddeyrarskóla kemur fram að kennarar hafa frumkvæði að foreldrasamstarfi.

Þarna spilar formlegt samstarf okkar við foreldra í 1. og 8. bekk stórt hlutverk að okkar mati. Lilja nefnir að það skipti miklu máli fyrir krakkana að hafa sinn umsjónarkennara. Fram kemur hjá Völu að nemendur hagi sér almennt best í tímum hjá sínum umsjónarkennara.

Trú foreldra á eigin getu til að aðstoða börn sín við námið er undir landsmeðaltali.

Þetta höfum við fjallað um áður og hefur lengi verið undir meðaltali.

Athugasemd:

Foreldri bendir á að við ættum að taka saman niðurstöðurnar og birta í frétt t.d. á heimasíðu. Ekki nóg að taka saman niðurstöður og birta í ársskýrslu.

2. Árhátíðardagur verður áfram á laugardegi. Það kom fram skýr vilji bæði foreldra og starfsfólks til að hafa fyrirkomulagið óbreytt. Hugsanlegar skýringar á þessu eru breytt fyrirkomulag sýninga, þrjár nú. Gengur betur að vinna í eldhúsinu, foreldrafélagið fær meiri innkomu og svo framvegis.

3. Skóladagatal Oddeyrarskóla skólaárið 2018-2019. Dagatalið hefur verið samþykkt af kennurum. Skóladagatal borið upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Athugasemd: Það þarf að setja fram skýringar á skóladagatali sem birt er foreldrum.

Foreldrar eiga erfitt með að átta sig á hvað þýðir hvað, þ.e. hvaða litir standa fyrir hvað.



Fundargerð

4. Önnur mál:

- Hvers vegna er ekki boðið á skauta lengur? Gríðarlega hár kostnaður, hátt í 200.000. Skólum er hins vegar boðið í fjallið og við þurfum ekki sjálf að borga rúturnar þar. Skautafélagið tekur ágóðann af leigu svellsins.
- Skólahreystidagur: Lítil undirbúningur fyrir skólahreysti hjá okkur. Við þurfum að bæta úr og gera betur á næsta ári. Heilsueflingarnefnd með það mál á sinni könnu.
- Rampur eða hjólabraut á útisvæði. Fyrir hlaupahjól, hjól, línuskauta, hjólabretti og bara hvað annað sem er á hjólum. Fyrirmyndin er á Mývatni. Foreldrafélag hefur áhuga á að styrkja skólann með kaupum á svona braut. Búið að senda beiðni um fjármagn til að endurhanna skólalóðina. Svarið sem fékkst var að fjármagn við útisvæði Oddeyrarskóla væri á dagskrá árið 2020. Það er mjög stutt í það svo þetta verður að veruleika. Sigrún hefur forgöngu um að hafa samband við Hjólreiðafélag Akureyrar til að athuga með samstarf og einnig ætlar hún að fá tilboð í svona braut frá innflytjanda.
- Spurt um hvernig málum sé háttað með ráðningu kennara. Er það að vera stærðfræðikennari fullt starf? Nei það er það ekki, hins vegar er fyllt upp í stöðurnar með stuðningi í öðrum tímum og valgreinum.
- Tekjur sem við höfum haft þessa önn eru um 1.000.000. Þetta eru leiga af íþróttahúsinu og gistileigur fyrir t.d. íþróttafélög eða félagsmiðstöðvar.



Fundargerð

- Foreldrafélagið ætlar að standa fyrir kökubasar í maí. Hugmynd að dreifa miðum í hús á eyrinni til að auglýsa. Liður í fjáröflun. Hugsanlegt að fá nemendur til að bera út.

Fundi slitið kl. 15:26.